

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



Reykjavík 29. mars 2016  
UST201602-245/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga að deiliskipulagi frístundalóða í landi Heiðarbæjar í Bláskógabyggð.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst 24. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi tveggja frístundalóða í landi Heiðarbæjar við Þingvallavatn.

### **Skipulagssvæðið**

Skipulagssvæðið er tillagan nær yfir er í landi Heiðarbæjar og staðsett milli Torfadalslækjar og Móakotsár, þar sem heitir Borgarholt. Lóðirnar eru hvor um sig um u.þ.b. 15.000m<sup>2</sup>. Í greinargerð kemur fram að svæðið er að mestu leyti lyngmói sem hallar til suðausturs.

### **Verndarsvæði Þingvallavatns**

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreint tillögusvæði er innan verndarsvæðis Þingvallavatns. Umhverfisstofnun bendir á að innan verndarsvæðisins gilda lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Einnig bendir stofnunin á að skv. gr. 68 í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 gildir eftirfarandi: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“


### **Fráveita**


Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um fráveitu og mikilvægi þess að ekki verði mengun í grunn- eða yfirborðsvatni sem rennur í Þingvallavatn. Í 3. gr. lag nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess segir að: „Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn.“ Einnig bendir stofnunin á að í 15.gr. reglugerðar nr. 650/2006 kemur fram að: „Við hreinsun skólps frá íbúðarhúsum, frístundahúsum og húsnæði tengdu ferðaþjónustu skal beita ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun, sbr. reglugerð um fráveitur og skólp.“

Umhverfisstofnun vekur athygli á því ástandi sem upp er komið í Mývatni og bendir á að með aukinni starfsemi við Þingvallavatn er meiri hættu á að um ofauðgun verði að ræða í vatninu.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdir falli vel að umhverfinu og að forðast verði allt óþarfa rask við framkvæmdir.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur